Alþýðusamband Íslands

Nefndasvið Alþingis
Utanríkismálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 8.6.2023
Tilvísun: M202306-0403

**Efni: Þingsályktunartillaga um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum í Palestínu, 777. mál, 153. löggjþ. – Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ)**

ASÍ hefur áður fjallað um málið, nánar tiltekið er það var lagt fram á 1455. löggjafarþingi sem 76. mál. Umsögnin sem nú er ítrekuð var svohljóðandi:

> *Alþýðusamband Íslands hefur um áratugaskeið fordæmt hernám Ísraels í Palestínu og stutt baráttu Alþjóðasambands verkalýðsfélaga (ITUC) fyrir réttindum palestínsks verkafólks og andstöðu við hið ólögmæta hernám. Eitt þeirra verkfæra sem borgarar lýðfrjálsra ríkja geta notað til þess að þrýsta á stefnubreytingu ríkja sem ekki fara að alþjóðalögum er meðvitað val neytenda á neysluvöru. Nokkurt magn vöru er flutt inn frá Ísrael án þess að bera með sér aðrar upplýsingar um uppruna en að varan sé framleidd í Ísrael en hluti hennar er framleiddur á svæðum sem hernumin hafa verið í andstöðu við alþjóðalög. ASÍ styður því heilshugar að vara sögð framleidd í Ísrael verð sérstaklega merkt eins og tillagan gerir ráð fyrir. ASÍ styður jafnframt að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir auknum viðskiptum við Palestínu á grundvelli bráðabirgðasamnings EFTA þar um frá 1.7 1999 ( http://www.efta.int/free-trade/free-trade-agreements/palestinian-authority ).*

ASÍ vill líka koma á framfæri að á nýliðnu þingi Evrópusamtaka verkalýðsfélaga (ETUC) var fjallað um hið ólöglega hernám og viðbrögð við því í aðgerðaráætlun samtakanna fyrir tímabilið 2023-2027 þar sem lagt er fyrir forystu samtakanna að:

> *…Promote peaceful resolution in Palestine, Syria, the Kurdish region and Western Sahara and elsewhere; demand the respect of international law and the right of all peoples to selfdetermination, in accordance with UN resolutions; demand the EU ensures the respect of the geographical scope of its Association Agreements; demand that the EU considers the impact on workers when deploying sanctions and blockades.* ***The ETUC will advocate for regulatory measures that stop EU legal entities both importing products originated in illegal settlements and exporting to occupied territories, aiding or assisting such unlawful situations in conformity with EU Treaties and compliance with international law****. The ETUC reaffirms the need for a negotiated agreement between Israel and Palestine that will result in a lasting and peaceful "two-states" solution, representing solidarity, justice and the legitimate rights of both peoples to co-existence in security, independence and two sovereign viable states. The ETUC calls to enhance, under the auspices of ETUC and their affiliated unions, the cooperation between the Histadrut and PGFTU to assist the Palestinian workers who are employed in Israel and in*

*particular, the vocational training which is given to the latter in the industry sector.*

Sjá aðgerðaráætlunina í heild sinni hér: https://www.etuc.org/en/congress

Með vísan í allt framangreint styður ASÍ að málið fái framgang á þinginu og verði samþykkt sem þingsályktun.

Virðingarfyllst f.h. ASÍ,

Halldór Oddsson
Sviðsstjóri Lögfræði- og vinnumarkaðssviðs
halldoro@asi.is / 5355600